

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð frá Idu Ellefsens. **112**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 8. ágúst 1908. 8. ágúst
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð frá Idu Ellefsens.

1.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabrjefi Hans Ellefsens hvalveiðamanns til Mosvallahrepps, dagsettu 4. júlí 1903, og var upprunaleg upphæð hans 800 kr.; sjóðurinn heitir »Gjafasjóður frá Idu Ellefsens.«

2.

Vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn þangað til hann með vöxtum og vaxtavöxtum eru orðinn 1000 kr.; þann höfuðstól má ekki síðar skerða.

3.

Þá er höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð, sem til er tekin í 2. tölulið, skal hreppsnefndin í Mosvallahreppi verja ársvöxtunum til þess að styrkja karl eða konu, sem heima á í hreppnum, til þess að afla sjer söngmentunar.

Samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar má safna saman vöxtunum um nokkur ár, svo að meiri styrkur verði veittur þeim, sem hefir hæfileika og gáfur.

Ekki má veita fleiri en einum styrk sama árið, og sá sem styrkinn fær, verður að skuldbinda sig til þess að kenna æskulýðnum í Mosvallahreppi margraddaðan söng.

4.

Ef verslunarstaðurinn Flateyri kynni að verða skilinn frá hreppsfjelaginu og gerður að sjerstöku sveitafjelagi, fylgir gjafasjóðurinn landhreppnum.

5.

Hreppsnefndin í Mosvallahreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins og gjörir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslunefndinni í Vesturísafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir 1. mars næsta ár á eftir.

6.

Höfuðstól sjóðsins skal ávalt ávaxta í skuldabryfum, útgefnum eða trygðum af landsjóði Íslands eða íslensku bæjarfjelagi eða í útlendum ríkis- eða sveita-

112 fjelagaskuldabryfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbryfum lands-
8. ágúst banka Íslands svo lengi sem þau njóta að minsta kosti sömu hlunninda sem nú
hjá landsjóði, að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við
höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggum sparisjóði eða
banka.

Öll verðbryf sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins og bera áteiknun
stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum og ber að útvega
konungsstaðfesting á henni.

St. í Kristjaniu, 19. apríl 1907.

Hans Ellefsen.

113
26. ágúst

Auglýsing

um

bólusótt í Christiania.

Samkvæmt símskeyti frá utanríkismálastjórninni í Kaupmannahöfn gerir
bólusótt vart við sig til muna í Christiania um þessar mundir. Því auglýsist hjer-
með, að tjeðan bæ ber að skoða sem sýktan af nefndum sjúkdómi. Ákvæðum
laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til
Íslands, verður því nú beitt, að því er snertir þenna bæ.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er hjermeð bannað að flytja frá Christiania
brúkað lín, fót og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökraull, pappírsafklippur,
hár, húðir og ávexti.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

í stjórnarráði Íslands 25. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.